

Landsmót 2018

Að undangenginni umræðu í haust ákvað Fagráð í hrossarækt að halda sig við sama fyrirkomulag við val kynbótagrossa inn á mótið og var fyrir Landsmót 2016. Það verða því ekki einkunnalágmrök sem ákvarða þátttökurétt hrossa á mótinu heldur verður ákveðinn fjöldi efstu hrossa valinn í hverjum flokki. Ákveðið var að hnika aðeins til fjölda hrossa í nokkrum flokkum miðað við síðasta mót. Í ljósi umræðu, m.a. á aðalfundi Félags hrossabænda, var ákveðið að bæta við fimm hestum í flokki fjögurra vetra stóðhesta og einnig fimm hestum í elsta flokki stóðhesta. Þetta er gert þar sem háa aðaleinkunn þurfti til að vinna sér þátttökurétt í þessum flokkum á síðasta móti. Þá var einnig niðurstaðan að fækka fimm vetra hryssum um 5: úr 35 hryssum í 30. Því er miðað við að hafa 170 kynbótagross á mótinu núna, fjöldann í hverjum flokki má sjá í töflu hér að neðan.

Flokkur:	Fjöldi:
7v. og eldri hryssur:	15
6v. hryssur:	30
5v. hryssur:	30
4v. hryssur:	20
4v. hestar:	20
5v. hestar:	20
6v. hestar:	20
7v. og eldri hestar:	15
Samtals:	170

Til að auðvelda bestu klárhrossum landsins að komast inn á mótið verður 10 stigum bætt við aðaleinkunn klárhrossa í sætisröðun hrossa inn á mótið en alhliða hross (hross með hærra en 5.0 fyrir skeið) fara með óbreytta aðaleinkunn inn í sætisröðun.

Þegar kynbótasýningar byrja í vor verður birtur stöðulisti í WorldFeng sem sýnir hvaða hross eru inni á mótinu hverju sinni. Ef fleiri en eitt hross eru jöfn í síðasta sæti inn á mótið (til dæmis fleiri en ein hryssa í 15. sæti í flokki 7 vetra og eldri hryssna) þá er þeim öllum heimil þátttaka á mótinu. **Þá eru eigendur hrossa sem vinna sér þátttökurétt á mótinu en ætla sér ekki að mæta með þau af einhverjum ástæðum beðnir um að láta vita fyrir 18. júní þannig að hægt sé að bjóða hrossum sem eru neðar á listanum þátttöku á mótinu.**

Þá er hugmyndin að hafa úrvalssýningu kynbótagrossa á mótinu og bjóða þeim hrossum sem vinna sér ekki þátttökurétt á mótinu en búa yfir sérstökum úrvalseiginleikum þátttöku í þeirri sýningu. Á þessa sýningu mega koma hross með 9.5 – 10 fyrir tölt, brokk, skeið, stökk, fet og fegurð í reið. Þessi sýning er opin þeim hrossum sem búa yfir þessum einkunnum og voru sýnd í vor, óháð því hvort þau vinna sér þátttökurétt á Landsmóti sem einstaklingar eða ekki. Nánari upplýsingar um þetta sýningaratriði verða birtar innan tíðar.